

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/240****2017/EES/48/28****frá 10. febrúar 2017**

um að samþykkja ekki *Satureja montana* L. ilm kjarnaolíu sem grunnefni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 23. gr. í tengslum við 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við 3. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 barst framkvæmdastjórninni umsókn frá Institut technique de l'agriculture biologique (ITAB) 7. júlí 2015 um samþykki fyrir *Satureja montana* L. ilm kjarnaolíu sem grunnefni. Umsókninni fylgdu upplýsingarnar sem krafist er samkvæmt annarri undirgrein 3. mgr. 23. gr.
- 2) Framkvæmdastjórnin bað Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um vísindalega aðstoð. Matvælaöryggisstofnunin lagði tæknilega skýrslu sína um viðkomandi efni fyrir framkvæmdastjórnina 13. júní 2016 ⁽²⁾. Hinn 7. október 2016 lagði framkvæmdastjórnin endurskoðunarskýrslu ⁽³⁾ og drög að þessari reglugerð um að samþykkja ekki *Satureja montana* L. ilm kjarnaolíu fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður og lauk við þau fyrir fund nefndarinnar 7. desember 2016.
- 3) Gögnin sem umsækjandinn lagði fram sýna að *Satureja montana* L. ilm kjarnaolía uppfyllir viðmiðanirnar fyrir matvæli eins og þau eru skilgreind í 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 ⁽⁴⁾.
- 4) Í tæknilegu skýrslunni voru tilgreind sértæk áhyggjuefni Matvælaöryggisstofnunarinnar varðandi váhrif af ilm kjarnaolíunni og efnisþáttunum karvacróli og γ -terpíneni, einkum með notkun sem varnarefni, og því var ekki hægt að ljúka mati á áhættu fyrir notendur, starfsmenn, vegfarendur, neytendur og lífverur utan markhóps.
- 5) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi tæknilega skýrslu Matvælaöryggisstofnunarinnar og drögin að endurskoðunarskýrslunni. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega.
- 6) Þrátt fyrir þau rök sem umsækjandinn setti fram var þó ekki hægt að eyða áhyggjuefnunum varðandi efnið.
- 7) Af þessum sökum, eins og mælt er fyrir um í endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar, hefur ekki verið sýnt fram á að kröfurnar sem mælt er fyrir um í 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 séu uppfylltar. Því er rétt að samþykkja ekki *Satureja montana* L. ilm kjarnaolíu sem grunnefni.
- 8) Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á framlagningu frekari umsókna um samþykki fyrir *Satureja montana* L. ilm kjarnaolíu sem grunnefni í samræmi við 3. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 36, 11.2.2017, bls. 43. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2017 frá 7. júlí 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

⁽²⁾ „Outcome of the consultation with Member States and EFSA on the basic substance application for *Satureja montana* L. for use in plant protection as fungicide and bactericide on various crops“ (Niðurstöður samráðs við aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnun Evrópu um umsókn vegna grunnefnisins *Satureja montana* L. til notkunar við plöntuvernd sem sveppaeyðir og bakteríueyðir á ýmsar nytjaplöntur). EFSA supporting publication 2016:EN-1051.

⁽³⁾ <http://ec.europa.eu/food/plant/pesticides/eu-pesticides-database/public/?event=activesubstance.selection&language=EN>

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjttíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1).

- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnið *Satureja montana* L. ilmkjarnaolía er ekki samþykkt sem grunnefni.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
